

Kennslufyrirkomulagið

Kennt er í litlum hópum og hefst kennslan að jafnaði kl. 8:30 alla virka daga og lýkur kl. 14:00 hjá nemendum á önn tvö og þriju. Hjá nemendum sem eru á fyrstu önn hefst dagurinn jafnaði kl. 9:00 og lýkur kl. 12:30. Í flestum tilfellum fylgir skóladagatal Samvinnu skóladagatali grunnskóla Suðurnesja.

Hvað er í boði?

- Íslenska
- Stærðfræði
- Enska
- Lífsleikni
- Fjármálaráðgjöf
- Sjálfstyrking
- Hópfundir
- Sálfræðiviðtöl
- Starfskynningar
- Sjúkraþjálfun
- Skapandi starf
- Hreyfing
- Fjármál
- Upplýsingatækni
- Heilsuefling
- Nýsköpun
- Námsráðgjöf
- Starfsráðgjöf
- Lesblinduleiðrétting
- Hópefli



Endurhæfingarferlið

Endurhæfingin skiptist upp í þrjár annir. Hver önn er 12 - 15 vikur.

Fyrsta önnin

- Tólf vikna menntasmiðja þar sem farið er í hópefli, sjálfstyrkingu, fjármál og skapandi starf.
- Íslenska, enska og stærðfræði
- Stuðningur við þátttakendur
- Sérhæfð meðferð, sálfræðiviðtöl

Önnur og þriðja önn

- Nám sem er einingabært á framhaldsskólastigi
- Stuðningur við þátttakendur
- Sérhæfð meðferð, sálfræðiviðtöl
- Hópefli
- Náms- og starfsfræðsla
- Starfskynning

Starfsmenn Samvinnu

Gerður Pétursdóttir
Verkefnastjóri
412-5960

Guðni Erlendsson
Ráðgjafi
412-5961

samvinna@starfs.is


SAMVINNA
STARFSENDURHÆFING Á SUÐURNESJUM



Krossmóa 4
260 Reykjanesbæ
412-5960
www.starfs.is

Um Samvinnu

Samvinna býður upp á starfsendurhæfingu í samstarfi við Tryggingarstofnun. Þátttakendur koma frá öllum sveitafélögum á Suðurnesjum. Samvinna var stofnað vorið 2008 og voru stofnaðilar; Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Vinnumálastofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Festa Lífeyrisjóður, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum og stéttarfélag.



Hlutverk og þátttakendur

Hlutverk Samvinnu er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa eða félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru á örorku– eða endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum, sem og fólk sem er á bótum hjá vinnumálastofnun eða sveitafélagi. Þátttakendur eru á aldrinum 18 til 55 ára.

Tilvísun / Umsókn

Umsókn um endurhæfingu

Þátttakendum Samvinnu er vísað í starfsendurhæfingu af fagaðilum, til dæmis félagsráðgjöfum hjá fjölskyldu- og félagsþjónustu sveitarfélaganna, læknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, ráðgjöfum Vinnumálastofnunar, starfsfólki sjúkrasjóða stéttarfélaga og starfsfólki lífeyrissjóðsins Festa. Þegar tilvísun hefur borist er einstaklingurinn boðaður í viðtal hjá ráðgjöfum Samvinnu. Ef einstaklingur hefur áhuga á að komast í endurhæfingu hjá Samvinnu þá fyllir hann út umsókn og hefst þá endurhæfingarferlið.

Endurhæfingarferlið

1. Frumgreining hjá ráðgjafa Samvinnu.
2. Endurhæfingaráætlun unnin af ráðgjafa og þátttakenda í sameiningu.
3. Samningar undirritaðir.
4. Endurhæfing hefst, gert er ráð fyrir því að hún taki allt að 18 mánuðum en það er mjög einstaklingsbundið hvenær fólk er reiðubúið að snúa aftur út á vinnumarkaðinn. Endurhæfingaráætlun þátttakenda er því endurskoðuð reglulega.
5. Þátttakandi lýkur endurhæfingu, samningur um eftirfylgni gerður.

Markmið Samvinnu

- Að endurhæfa þátttakendur til atvinnu
- Að stuðla að auknum lífsgæðum þátttakenda
- Að stuðla að auknum lífsgæðum fjölskyldu þátttakandans
- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingunni lokinni og/eða í áframhaldandi nám
- Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð

Endurhæfingin

Endurhæfingin byggir á félagslegri, læknisfræðilegri, sálrænni, og námstengdri endurhæfingu. Fyrir hvern og einn er gerð einstaklingsbundin áætlun sem tekur mið að þörfum hvers og eins. Einstaklingsbundnir þættir geta t.d. verið lesblinduleiðrétting, sálfræðiviðtöl, talþjálfun, sjúkraþjálfun og viðtöl við geðlækna.

